



BREYTING Á AÐALSKIPULAGI VOPNAFJARÐARHREPPS 2006-2026

Vegna veiðihúss í landi Einarstaða

BREYTINGARTILLAGA

18. ágúst 2025 – lagfærð 10. október 2025



YRKI ARKITEKTAR

Mýrargötu 26. 101 Reykjavík
Sími: 552 6629 . yrki@yrki.is
Kt: 560997-3109 . www.yrki.is



1 Aðdragandi, tilgangur og markmið

Hér er lögð fram breyting á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 vegna hugmynda um nýtt veiðihús fyrir Hofsá í landi Einarssstaða.

Vegna þessa þarf að leggja nýjan veg og sækja efni í námur sem eru skammt undan og ekki í skipulagi.

Samhliða kynningu á þessari aðalskipulagsbreytingu er lagt fram deiliskipulag fyrir veiðihús við Hofsá í landi Einarssstaða. Þar er gerð nánari grein fyrir legu vega, lóðar og bygginga.

Áður hafði verið auglýst breyting á aðalskipulagi vegna nýs veiðihúss í landi Hofs við Hofsá. Fallið hefur verið frá þeirri hugmynd og hér lögð fram ný staðsetning í landi Einarssstaða.

2 Breyting á aðalskipulagi

Til að hugmyndir um nýtt veiðihús við Hofsá séu í samræmi við Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 er gerð breyting á sveitarfélagsuppdrætti. Þá er bætt við upplýsingum og ákvæðum fyrir efnistöku, mannvirki, lóð, og aðkomu í greinargerð.


2.1 Breytingar á sveitarfélagsuppdrætti

Eftirfarandi breytingar á sveitarfélagsuppdrætti eru lagðar fram:

- Bætt er við punkti verslunar- og þjónustusvæðis sunnan við húsakosti Einarssstaða, með auðkennið VP5.

Sjá mynd 2.1 fyrir yfirlistmynd af sveitarfélagsuppdrætti og hvar á uppdrættinum breytingarnar verða. Staðsetning breytinga er sýnd með gulum fleti og svörtum ramma.


Myndir 2.2 og 2.3 sýna breytingarnar sem verða á uppdrættinum, fyrir og eftir.




Mynd 2:1 Yfirlistmynd af sveitarfélagsuppdrætti sem sýnir hvar breytingin nær til.



Breyting á aðalskipulagi Vopnafjarðarhreypps vegna veiðihúss í landi Einarssstaða



Mynd 2:2 Hluti sveitarfélagsuppráttar fyrir breytingu. Mælikvarði 1:100.000



Mynd 2:3 Hluti sveitarfélagsuppráttar eftir breytingu. Mælikvarði 1:100.000





2.2 Viðbætur við greinargerð

2.2.1 Verslunar- og þjónustusvæði, VP5

Stærð og staðsetning svæðisins ræðst af nýrri lóð veiðihússins sem gerð er nánari skil í deiliskipulagi.

Umhverfi utan lóðarinnar verður áfram skilgreint sem landbúnaðarland í aðalskipulagi.

Bætt er bætt við umfjöllun um verslunar- og þjónustusvæði með auðkennið VP5:

Auðk.	Stærð (ha)	Heiti
VP5	10,6	Veiðihús Hofsaár við Einarssstaði
Lýsing og sérákvæði		
Gisti- og veitingaþjónusta með gistirými fyrir allt að 25 manns. Hámarksbyggingarmagn samtals 1.300 m². Hámarkshæðir bygginga er 10 m. Við hönnun á mannvirkjum skal leggja áherslu á að þær falli vel að umhverfi sínu. Nýta skal landhalla og landmótun til að draga úr áhrifum af breyttri ásjúnd á landið. Við frágang á yfirborði skal gæta þess að ofanvatn sé leitt frá mannvirkjum ofanjarðar og komist náttúrulega leiðar sínar niður að Hofsa. Við veglagningu skal sneiða hjá grónari svæðum eins og kostur er. Þá skal græða upp vegfláa í samræmi við aðliggjandi svæði. Notast skal við staðargróður eins og hægt er. Óheimilt er að planta framandi ágengum plöntutegundum. Vegna minja á svæðinu sem geta orðið fyrir áhrifum skal skoða útfærslur sem sneiða hjá þeim. Fyrir útgáfu leyfa skal leita samþykkis Minjastofnunar um útfærslur og viðeigandi ráðstafanir vegna þessa. <u>Sérskilmálar vegna efnistöku:</u> Tilgreina skal efnistöksvæði í deiliskipulagi, allt að þrjú svæði. Samanlögð stærð efnistökusvæða skal vera að hámarki <2,5 ha og allt að 20.000 m³ af efni í heildina. Ganga skal frá efnistökusvæðum að efnistöku lokinni með það í huga að frágangur sé „endanlegur“ því langur tími getur liðið þar til frekari efnistaka verður. Efnistökusvæðum sem ekki stendur til að nota aftur skal græða upp með staðargróðri. Óheimilt er að planta framandi ágengum plöntutegundum.		



3 Lýsing á valkostum og framkvæmdum

Þrjár staðsetningar voru skoðaðar fyrir nýtt veiðihús, valkostur A: suður af Hofi, valkostur B: undir Einarsstaðafjalli og valkostur C: í landi Einarsstaða.

Staðsetningarnar voru valdar með tilliti til útsýnis yfir ána.

Í fyrri skipulagslýsingu, dagsett 8. Júní 2023, var valkostur A: suður af Hofi kynntur sem eina staðsetningin. Lýsingin var kynnt í Skipulagsgáttinni frá 22. júní til 14. júlí 2023. Síðar fóru framkvæmdaraðilar að skoða aðra staðsetningu innar í dalnum og sunnan megin við ána, nánar tiltekið undir Einarsstaðafjalli þar sem Tunguá rennur út í ána. Hugmyndin var að velja afskekktari stað með góð útsýni niður ána og út fjörðinn. Breytingartillaga var auglýst 15. júlí til 31. ágúst 2024 þar sem valkostir A og B voru kynntir. Að loknum auglýsingatíma var aftur skoðaður nýr kostur, valkostur C, austan megin við Einarsstaðafjall og nær Einarsstöðum. Valkostur B og C eru innan við 2 km fjarlægð frá hvor öðrum.

Samskonar hús var skoðað á öllum stöðum en gert er ráð fyrir ólíkum húsgrunni sem ræðst af staðháttum svo hús munu falla sem best að landi. Þá þarf alltaf að leggja nýja vegi að húsunum sem geta borið vinnuvélar og tæki til að reisa þau.

Fyrir allar staðsetningar þarf að gera ráð fyrir rotþró og siturlögn. Gert er ráð fyrir að hægt sé að leysa fráveitu innan lóðar og henni komið svo fyrir að engin hætta sé á mengun vatns. Þá þarf að útvega aðgang að neysluvatni á hverjum stað. Það verður með leyst með því að virkja uppsprettu eða borað eftir vatni í næsta nágrenni við húsið. Stendur til að gera nánari grein fyrir vatnsöflun og fráveitu í deiliskipulagi, eftir að staðsetning hefur verið valin.

Ekki hefur verið ákveðið hvaða hlutverki núverandi veiðihús mun gegna í framhaldi byggingar á nýju veiðihúsi. Líklegast verður það áfram notað undir gistingu tengt veiði í ánni, t.d sem aðstaða fyrir starfsfólk.

Samanburður á helstu stærðum valkosta:

	Stærð lóðar	Brúttó m ² bygginga	Veglagning, nýr vegur	Áætluð efnisþörf
A:	2,2 ha	1.300 m ²	500 m	6.000 m ³
B:	2,1 ha	1.300 m ²	3.500 m	19.500 m ³
C:	10,6 ha	1.300 m ²	2.700 m	15.000 m ³

Báðir staðirnir bjóða upp á gott útsýni úr húsinu og yfir ána, frá Hofslandinu og upp ána og inn dalinn en niður ána og út fjörðinn undan Einarsstaðafjalli.

3.1 Valkostur A – Suður af Hofi


Mitt á milli bæjarstæða Hofs og Teigs er melur sem nýttur hefur verið sem malarnáma að hluta. Í námuskrá Vegagerðarinnar er melurinn nefndur Rangármelur en kílómetur sunnar rennur Rangá út í Hofsá.

Stofnuð yrði ný lóð í landi Hofs, rétt norðan við ána. Áætluð stærð lóðarinnar er 2,2 hektarar. Á lóðinni á að reisa tvær byggingar, veiðihús og starfsmannahús. Heildarflatarmál bygginga er áætlað um 1.300 m². Í húsunum verður veitinga- og gístiaðstaða fyrir allt að 20 gesti ásamt herbergjum fyrir starfsfólk.





Gera þarf nýja vegtengingu að lóðinni og byggingunum. Ný vegtenging yrði gerð við Hofsárdalsveg en þaðan væru um 1,6 km frá afleggjaranum að Hofi og Staðarholti, og um 1,7 km frá afleggjaranum að Teig.



Mynd 3:1 Valkostur A - Suður af Hofi. Staðsetning nýs veiðihúss og efnistökusvæða, eða líklegar námur.

Áætlað efnismagn fyrir framkvæmdir á veg og vegna bygginga er um 6000 m³. Gert er ráð fyrir að efni sem falli til úr grunni bygginganna sem verði nýtt til uppbyggingar á aðkomuvegi.

Efni yrði sótt úr þurrum malarbökkum við Sunnudalsveg í landi Teigs fyrir fyllingar og í grunn bygginganna. Um er að ræða 3 námur sem hafa verið nýttar áður en eru ekki á aðalskipulagi. Námurnar eru allar í innan við 3 km fjarlægð frá fyrirhugaðri lóð.


Gætt verður að ummerki efnistöku verði sem minnst og að ósk landeiganda verður skilinn eftir kambur sem snýr að ánni til að breyta ekki ásýnd frá ánni.

3.2 Valkostur B – Undir Einarssstaðafjalli

Undir Einarssstaðafjalli þar sem Tunguá rennur út í Hofsá má finna smá spildu undir bæjarstæði. Þar liggur vegslóði, gamall vegur, frá Einarssstöðum sem er að mestu nýttur í dag sem göngu- og reiðleið. Svæðið er úr alfaraleið og er háð vegtengingu frá bæjarstæði Einarssstaða.

Gert er ráð fyrir að nýta gamla vegslóðann eins og hægt er og byggja hann upp til að bera vinnuvélar fyrir framkvæmdir. Veghönnun er ekki lokið en gert er ráð fyrir að ekki sé hægt að nýta vegslóðan alla leið. Nýr vegkaflí yrði um 600 metrar næst Einarssstöðum. Alls yrði nýr vegur um 3,5 km langur.

Svæðið liggur í halla niður að Hofsá og þyrfti bæði að grafa og flytja efni á staðinn til að laga húsin að landi. Í heild er gert ráð fyrir að þurfi um 19.500 m³ af efni í veg og jarðvegsskipti fyrir byggingar. Gert er ráð fyrir að efni sem falli til úr grunni bygginganna sem verði nýtt til uppbyggingar á aðkomuvegi.



Mynd 3:2 Valostur B - undir Einarssstaðafjalli. Staðsetning nýs veiðihúss og efnistökusvæði.

Tvö til þrjú svæði koma til greina fyrir efnistöku, öll í landi Einarssstaða og liggja við nýtt vegstæði (núverandi vegslóða). Um malarhjalla er að ræða.


Þessar framkvæmdir fara allar meira en minna fram í lítið eða óröskuðu landi, fyrir utan gamla vegslóðann.

3.3 Valkostur C – Í landi Einarssstaða

Í um það bil 1 km fjarlægð frá útihúsum Einarssstaða liggur spilda í 130 m hæð yfir sjávarmáli, um 300 m frá ánni. Vegslóði, gamall vegur, liggur frá Einarssstöðum sem er að mestu nýttur í dag sem göngu- og reiðleið. Svæðið er úr alfaraleið og er háð vegtengingu frá bæjarstæði Einarssstaða.

Gert er ráð fyrir að nýta gamla vegslóðann eins og hægt er og byggja hann upp til að bera vinnuvélar fyrir framkvæmdir. Veghönnun er ekki lokið en gert er ráð fyrir að ekki sé hægt að nýta vegslóðan alla leið. Nýr vegkaflí yrði um 600 metrar næst Einarssstöðum. Alls yrði nýr vegur um 2,7 km langur.

Svæðið liggur í halla niður að Hofsá og þyrfti bæði að grafa og flytja efni á staðinn til að laga húsin að landi. Í heild er gert ráð fyrir að þurfi um 15.000 m³ af efni í veg og jarðvegsskipti fyrir byggingar. Gert er ráð fyrir að efni sem falli til úr grunni bygginganna sem verði nýtt til uppbyggingar á aðkomuvegi.



Mynd 3:3 Valkostur C í landi Einarssstaða. Staðsetning nýs veiðihúss og efnistökusvæði

Sömu tvö til þrjú svæði koma til greina fyrir efnistöku og í valkosti B. Öll liggja þau við núverandi vegi og vegslóða. Um malarhjalla er að ræða.

Þessar framkvæmdir fara allar meira en minna fram í lítið eða óröskuðu landi, fyrir utan gamla vegslóðann.



4 Staðhættir og grunnástand

4.1 Hofsárdalur

Vopnafjörður skiptist í þrjá grösuga dali. Hofsárdalur er syðstur, næstur er Vesturdalur og nyrstur er Selárdalur. Dalirnir hafa allir norðlæga stefnu. Þeir hafa, á sama hátt og fjörðurinn, mótast af svörfun ísaldarjökla. Strandlínur frá ísaldarlokum eru þar áberandi og ná þessir fornu marbakkar álíka langt inn eftir og byggðin í Hofsárdal og Vesturárdal.

Dalina umlykur víður og margbrotinn fjallahringur, sem setur svip sinn á umhverfið og byggðirnar hið neðra. Fjöllin austan Vopnafjarðar eru áberandi hærri en að norðanverðu og standa auk þess nær byggðinni.¹

4.1.1 Hofsá

Hofsá er meðal bestu laxveiðiáa landsins. Hún á upptök sín inn í Þríhyrningsfjallgarði og hluti hennar kemur úr Sænautavatni. Í Hofsá rennur fjöldi stærri og minni áa og lækja. Stærstar eru Tunguá sem kemur innan úr Grunnavatnsdal og Sunnudalsá. Hofsá rennur sums staðar í gljúfrum, milli gamalla sjávarkamba og á sléttum eyrum út Hofsárdal. Vatnasvið Hofsár er talið um 1100 km² og lengd 85 km en vatnsvið Sunnudalsár er 200 km² og lengd 30 km.

Sunnudalsá kemur innan af Hraunfellsheiði og Smjörvatnsheiði og rennur í Hofsá milli Hofs og Deildarfells.²

4.2 Jarðfræði

Vopnafjörður liggur að mestu á berglögum frá síð- og mið-míósen, 10-15 milljón ára gömlum en berggrunnur heiða upp af firðinum sjálfum eru úr yngri berglögum eða frá fyrri hluta ísaldar og síð-plíósen, 0,8-3,3 milljón ára.

Vopnafjörður hvílir á basísku og ísúru gosbergi og setlögum. Á nokkrum stöðum skjóta upp kollinum yngri berglög, úr súru gosbergi frá tertíer og ísöld (eldra en 11.000 ára) eða súrt innskotsberg.

Samkvæmt jarðfræðikortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands er berggrunnur í Vopnafirði að mestu leiti blágrýti líkt og algengast er á Íslandi. Þá er Hofsárdalur að megninu til byggður upp af setlögum frá nútíma. Landslag við Hofsá einkennist m.a. af miklum sethjöllum sem áin hefur grafið sig niður í og myndað háa bakka meðfram ánni.


Sjá skjáskot úr jarðfræðikortasjánni á mynd 4.1. Vefsjáin er aðgengileg hér:

<https://www.ni.is/midlun/utgafa/kort/jardfraedikort>

¹ Hjörleifur Guttormsson. (1987). *Árbók Ferðafélags Íslands*. Ferðafélag Íslands.

² Kristín Jónsdóttir. (2010). *Náttúrufar Vopnafjarðar*. Hvanneyri: Landbúnaðarháskól Íslands.

Landssamband veiðifélaga. (e.d.). *Hofsá og Sunnudalsá*. Sótt frá Landssamband veiðifélaga: <https://angling.is/hofsa-og-sunnudalsa/>



Mynd 4:1 Skjáskot af jarðfræðikortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands, í skala 1:100.000. Sjá jardfraedikort.ni.is.

4.3 Landslagsflokkun

Samkvæmt grófri landslagsflokkun fyrir Ísland tilheyrir Hofsárdalur opnum jökulsrofnum fjörðum (flokkur nr. 6.2). Vopnafjörður og dalir hans teljast svo til undirflokks 6.2.5 Vopnafjörður:

Frekar breiðir dalir sem ganga upp frá Vopnafirði að hálendisbrún og jökulsorfnir hryggir skilja þá að. Land nær frá sjó upp í 200 m hæð yfir sjávarmáli. Hár fjallgarður afmarkar svæðið að austanverðu. Yfirborð er grasi gróið, mó- og votlent. Ár og lækir hlykkjast og kvíslast um dalbotna. Dreifð byggð er í inndölum auk þéttbýlisstaðar sem er við sjó innarlega í firðinum. Flatlendi er nýtt til landbúnaðar og veitt er í ám.³

Helstu sjónrænu eiginleikar dalsins eru:

- Langar sjónlengdir inn og út eftir fjörðum og yfir haf við ströndina. Fjallgarðar afmarka láglendið og þ.m.t. sjónlengdir.
- Útsýni upp á fjöll eða yfir haf.
- Nokkur sjónræn fjölbreytni hvað varðar landform og yfirborð lands.

³ Efla; Land Use Consultants. (2020). Landslag á Íslandi. Flokkun og kortlagning landslagsgerða á landsvísu. Skipulagsstofnun.




4.4 Kortlagning óbyggðra víðerna

Staðsetning nýs veiðihúss er úr alfaraleið og í umhverfi sem lítur út fyrir að vera lítt snortið af mannavöldum. Svæðið liggur undir Smjörvatnsheiði og í jaðri Smjörfjalla en er ekki alveg ósnortið þar sem vegslóði og reiðleig liggur í gegnum svæðið.

Samkvæmt víðernakorti WRI tilheyrir svæðið umskiptasvæðum (e. edge), sem eru svæði í jaðri víðerna, sem og önnur svæði á láglendi utan byggðar. Á láglendi eru þetta tiltölulega ósnortin svæði en þó aðgengileg og ekki langt frá byggð eða öðrum ummerkjum mannsins.

Óbyggð víðerni eru skilgreind í náttúruverndarlögum nr. 60/2013 sem og heimild ráðherra til að kortleggja þau. Af hálfu stjórnvalda hefur ekki verið unnið að kortlagningu óbyggðra víðerna og því er stuðst við kortlagningu Wildland Research Institute, WRI, sem er sjálfstæð stofnun við háskólann í Leeds í Englandi. Sjá nánar á www.vidernakort.is



Mynd 4:2 Nýr vegur, námur og byggingareitur sýndur ofan á víðernakorti WRI. Ám og lækjum bætt við.




4.5 Náttúruvernd og vistgerðir

Gróður á skipulagssvæðinu einkennist af graslendi og mólendi.

Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar má finna hraungambravist, brokflóavist, starungsmýravist, runnamýravist á láglendi, grasengjavist, língresis- og vingulsvist, snarrótarvist, fjalldrapamóavist, fléttumóavist, grasmóavist, lyngmóavist, mosamóavist, starmóavist, ásamt túnum og akurlendi á svæðinu og í næsta nágrenni.

Sjá mynd 4.2 til frekari skýringa. Byggt á vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands, sjá nánar á: <http://vistgerdakort.ni.is/>.




Mynd 4:3 Upptalning vistgerða á og við áætlað framkvæmdasvæði, samkvæmt vistgerðarkorti NÍ. Byggingareitur og aðkomuvegur eru sýnd með svörtum útlínunum. Gögn frá Náttúrufræðistofnun, vistgerðir-land, 3. útgáfa, mars 2024.



4.6 Landnotkun


Í aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 er svæðið sem um ræðir flokkað sem landbúnaðarland. Reiðleið liggur í gegnum svæðið. Sjá staðsetningu svæðisins á sveitarfélagsupprætti á mynd 4.3.



Mynd 4:4 Hluti af skipulagsupprætti Staðsetning nýs veiðihúss sýnd með gulum hring.

4.7 Flokkun landbúnaðarlands

Samkvæmt drögum að flokkun landbúnaðarlands fyrir Vopnafjörð lendar svæðið sem um ræði í flokki 4, lélegt ræktunarland, enda landhali mikill. Tún og ræktarlönd standa utan svæðisins. Sjá niðurstöður úr drögum að flokkun landbúnaðarlands mynd 4.2.



Mynd 4:5 Úr drögum að flokkun landbúnaðarlands í sveitarfélaginu. Staðsetning veiðihúss sýnd með gulum hring. Svæðið fellur í flokk 4, lélegt ræktunarland.



4.8 Fornleifar

Samkvæmt 3. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 teljast friðaðar fornleifar hvers kyns mannvistarleifar, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og er 100 ára og eldri. Í 21. gr. sömu laga segir enn fremur að fornleifar sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Úttekt og skráning á fornleifum á svæðinu hefur farið fram samhliða vinnu við deiliskipulag fyrir veiðihúsið. Sagnabraunnur ehf. tók að sér skráning fornminja sem fór fram í júní 2025. Skráning var í höndum Indriða Skarphéðinssonar.

Samkvæmt úttekttekinni eru fimm fornleifar innan fyrirhugaðrar lóðar: mylla [3476-002], áveita [3476-003], hleðsla [3476-004], tóft [3476-005] og reiðgötur [3476-008].

Lóðarmörkin fara einnig inn fyrir 15 m friðhelgi þriggja minja: vörðu [3476-001], stekks [1560-132] og kofatóftar [1560-133]. Þær minjar sem eru innan lóðamarka eru þó allar 15 m eða meira frá fyrirhuguðum byggingarreit innan lóðarinnar og stafar því ekki bein hættu af byggingarframkvæmdunum.

Hluti af aðkomuveginum og eitt náumsvæði mun liggja innan við 15 m friðhelgi túngarðs [3476-006]. Skoða má útfærslur sem sneiða hjá þessum fornleifum og með fyrirhyggju má koma í veg fyrir rask á þeim. Fyrir útgáfu leyfa skal leita samþykkis Minjastofnunar um útfærslur og viðeigandi ráðstafanir vegna þessa.

5 Umhverfisáhrif og samræmi við aðrar áætlanir

Breytingin felur ekki í sér framkvæmd sem fellur í A eða B flokk, eins og er skilgreint í 1. viðauka við laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.

Hér gerð grein fyrir helstu umhverfisáhrifum breytingarinnar skv. 12. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Um er að ræða breytingu á Aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps 2006-2026 vegna hugmynda um byggingu nýs veiðihúss við Hofsa á afskekktum stað. Vegna framkvæmda þarf að leggja nýjan veg og útbúa húsgrunna á lítið röskuðu svæði. Til stendur að notast við vegslóða, reiðleið og veiðiveg, undir nýjan veg, eins og hægt er.

Nýtt deiliskipulag fyrir svæðið er unnið og kynnt samhliða þessari breytingu.

5.1 Samræmi við aðrar áætlanir

5.1.1 Landsskipulagsstefna

Samkvæmt 4. mgr. 10 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. skulu sveitarfélög taka mið af landsskipulagsstefnu við gerð skipulagsáætlana eða breytinga á þeim. Nálgað má Landsskipulagsstefnu hér: <https://www.landsskipulag.is/gildandi-stefna/stefnan>

Í Landsskipulagsstefnu 2024-2038 eru þrjú markmið lögð til grundvallar sem byggja á sjálfbærri þróun: **vernd umhverfis og náttúru, velsæld samfélags og samkeppnishæft atvinnulíf.**



A) Vernd umhverfis og náttúru

Markmiðið snýr að því að skipulag stuðli að heilnæmu umhverfi og verndun og varðveislu víðerna, landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni. Kolefnishlutleysi á að vera leiðarljós í skipulagi sem stuðla þarf að með markvissum samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda frá landnotkun.

Mælikvarðar sem styðjast ber við til að meta framgang markmiðs A:

- Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda.
- Hlutfall lands og hafsvæða með fullnægjandi verndun vistkerfa.
- Hlutfall óbyggðra víðerna.

B) Velsæld samfélags

Markmiðið snýr að því að skipulag stuðli að almennri velsæld í samfélagi og gæðum í hinu byggða umhverfi. Skipulag þarf að stuðla að jafnvægi í nýtingu lands í þéttbýli og dreifbýli þar sem vöxtur samfélaga gengur ekki um of á náttúrulegt umhverfi. Loftslagsaðlögun á að vera leiðarljós í skipulagi sem verður að stuðla að seiglu samfélaga gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga.

Mælikvarðar sem styðjast ber við til að meta framgang markmiðs B:

- Losun gróðurhúsalofttegunda frá vegasamgöngum og heimilum.
- Hlutfall heimila með íþyngjandi húsnæðiskostnað.
- Hlutfall vistvæns ferðamáta.

C) Samkeppnishæft atvinnulíf

Markmiðið stuðlar að því að skipulag auki samkeppnishæfni samfélags og efli atvinnulíf með hagkvæmri uppbyggingu innviða og sjálfbærri nýtingu auðlinda þar sem vexti er beint á tiltekin svæði í skipulagi. Kolefnishlutleysi á að vera leiðarljósið í skipulagi sem miðar að því að auka til muna bindingu gróðurhúsalofttegunda.

Mælikvarðar sem styðjast ber við til að meta framgang markmiðs C:

- Koltvísýringslosun á virðisaukæiningu.
- Hlutfall fjölbreyttra atvinnusvæða.
- Hlutfall endurnýjanlegrar orku.

Markmiðið með byggingu nýs veiðishúss við Hofsá er að styrkja frekar afþreyingarþjónustu í sveitarfélaginu og bæta þannig samkeppnishæfni þess. Er það í samræmi við hugmyndir sveitarstjórnar um uppbygginu í ferðaþjónustu til að styrkja atvinnulíf í Vopnafirði.

Uppbygging nýs veiðishúss býður gestum og notendum þess upp á afþreyingu í einstöku umhverfi og aðstöðu. Staðsetning veiðihússins er valin með útsýni yfir ána og dalinn á afskekktum stað. Þannig stendur til að búa til upplifun þar sem umhverfinu er gert hátt undir höfði.

Stefnt er að draga eins og unnt er úr umhverfisáhrifum uppbyggingarinnar með því að fella mannvirki að landslagi og nýta staðargróður til að loka yfirborði að loknum framkvæmdum.

Breytingin er talin vera í samræmi við markmið C í landsskipulagsstefnu um samkeppnishæfni atvinnulífs.

5.1.2 Svæðisskipulag Austurlands 2022-2044

Framtíðarsýn fyrir Austurland árið 2044 er:

- Á Austurlandi er samheldið fjölmenningsamfélag með lífsgæði í forgrunni.
- Litrikt listalíf, ríkur menningararfur og áhugaverðir staðir á fjörðum, héraði og hálendi veita gótt tækifæra til að upplifa sannkölluð ævintýri.





Breyting á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps vegna veiðihúss í landi Einarssstaða

- Öflugt og fjölbreytt atvinnulíf byggir á sjálfbærri nýtingu auðlinda og þekkingu og sköpunarkrafti íbúa.

Breytingin er er talin styðja við stefnu svæðisskipulagsins um ferðaaauðlindir og stefnu um auðlindir og innviði ferðaþjónustunnar þar sem landslag og sérkenni þess er forsenda við val á staðsetningu veiðihúss. Lögð er áhersla á upplifun gesta með því að vera úr alfaraleið.

5.1.3 Aðalskipulag Vopnafjarðar 2006-2026

Megin markmið aðalskipulagsins er að efla atvinnumál, umhverfismál og félags- og velferðarmál.

Breytingin er talin styðja við megin markmiðin þar sem hún eykur framboð á afþreyingu með háu þjónustustigi. Auk þess er breytingin talin styrkja tekjustofna sveitarfélagsins til lengri tíma lítið.

Svæðið sem um ræðir er flokkað sem landbúnaðarland og hugmyndir um rekstur veiðihúss með gisti- og veitingaþjónustu samræmast ekki nýtingu landbúnaðarlands og því er farið af stað með þessa breytingu.

Áður en leyfi til framkvæmda eru veitt þarf að óska eftir leyfi landbúnaðarráðherra til að taka landbúnaðarland úr notkun.

Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps má finna hér:

<https://vopnafjardarhreppur.is/stjornsysla/skipulag/gildandi-skipulag>

5.1.4 Endurskoðun Aðalskipulags Vopnafjarðar 2006-2026

Vinna stendur yfir á endurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Tillaga á vinnslustigi er aðgengileg á Skipulagsgáttinni, sjá nánar hér: <https://skipulagsgatt.is/issues/2024/196>

Ekki er séð að þessi breyting á gildandi aðalskipulagi hafi áhrif á efnistöð þar eða að efnistöð í nýju aðalskipulagi hafi mótandi áhrif á þessa breytingu vegna veiðihúss við Hofsa.

5.2 Mat á áhrifum

Matsvinna fór fram samhliða vinnu við tillögu á breytingu á aðalskipulagi svo bregðast mætti við hugsanlega neikvæðum umhverfisáhrifum. Leitast var við að draga úr neikvæðum áhrifum í samræmi við hugmyndir um sjálfbæra þróun og til að stuðla að breytingin hafi eins jákvæð umhverfisáhrif og kostur er.

Horft var til mögulegra áhrifa breytinga á þá umhverfispætti sem eru skilgreindir í kaflanum hér á eftir. Notaðar eru fjórar vægiseinkunnir við matið:

+	Jákvæð áhrif	Áhrifin talin verða jákvæð. Ekkert aðhafst frekar.
-	Neikvæð áhrif	Áhrif talin verða neikvæð. Áhrifum lýst nánar m.t.t umfangs og líkum. Leitað leiða til að draga úr neikvæðum áhrifum.
<>	Óveruleg áhrif	Áhrif eru óveruleg, hlutlaus eða lítil sem engin. Ekkert aðhafst frekar.
?	Óvissa um áhrif eða háð frekari útfærslu	Ekki er vitað um eðli eða umfang áhrifa vegna skorts á upplýsingum, tækni eða þekkingu. Og/eða áhrif eru háð útfærslu á síðari stigum skipulags eða í framkvæmd.





Ef líkur eru á neikvæðum áhrifum voru þau skoðuð nánar og metið hvort þau teljist lítil, miðlungs (neikvæð) eða mikil (veruleg og neikvæð) út frá einkennum áhrifa (umfang/stærð/tími) og gildi umhverfispáttar (mikilvægi/viðkvæmni).

Stigskipting áhrifa	Aðgerðir
Áhrif talin neikvæð en lítil	Áhrifin talin neikvæð en lítilsháttar. Mótvægisáðgerðir skilgreindar til að draga úr áhrifum.
Áhrif talin neikvæð	Leitað eftir útfærslum til að draga úr áhrifum og/eða mótvægisáðgerðum.
Áhrif talin verulega neikvæð	Áhrif veruleg. Skoða ætti aðra valkosti sem hafa minni áhrif.

5.3 Umhverfispættir og viðmið

Í matsvinnunni voru skoðuð möguleg áhrif á þá umhverfispætti sem taldir eru upp í töflu 5.1. Horft var til mögulegra áhrifa sem breytingin mun leiða af sér þ.e.a.s. áhrif vegna þeirra framkvæmda og breytingar á umhverfinu sem telja má líkleg í kjölfar gildistöku breytinga á aðalskipulagi.

Tafla 5.1. Þeir umhverfispættir sem voru skoðaðir ásamt matsspurningum.

Umhverfispættir	Matsspurningar
Loftslag - Losun GHL - Kolefnisbinding	Mun breytingin leiða til aukinnar losunar gróðurhúsalofttegunda (GHL)? Mun breytingin draga úr náttúrulegri kolefnisbindingu? Mun breytingin styðja við markmið um kolefnishlutleysi?
Lífriki - Gróður - Vistgerðir	Mun breytingin fela í sér áhrif á gróður og, eða gróðurfar? Mun breytingin leiða af sér áhrif á vistgerðir sem vert er að vernda?
Landgæði - Landslag & víðerni - Jarðfræði & jarðmyndanir	Mun breytingin leiða til áhrifa á ásýnd lands og landslag? Mun breytingin leiða til áhrifa á jarðfræði og jarðmyndanir?
Vatn & fjörur - Straum- & stöðuvötn	Mun breytingin leiða til áhrifa á vatnafar eða vatnsgæði Hofsaár?
Menningarminjar	Mun breytingin hafa áhrif á fornleifar eða minjar?
Samfélag - Landnotkun - Óþægindi	Mun breytingin hafa áhrif á landnotkun á svæðinu? Mun breytingin fela í sér óþægindi fyrir íbúa og gesti í sveitarfélaginu?
Efnahagur & auðlindir - Efnahagur - Atvinnulíf	Mun breytingin hafa hagræn áhrif?

Viðmið voru sett með tilliti til stefnuskjala Vopnafjarðarhrepps ásamt settum markmiðum sveitarfélagsins í samfélags- og umhverfismálum auk viðmiða í opinberum stefnuskjölum, lögum eða alþjóðlegum skuldbindingum.



Viðmið voru sótt í:

- Landsskipulagsstefnu 2024-2038
- Náttúruverndarlög nr. 60/2013
- Lög nr. 80/2012 um menningarminjar
- Aðalskipulag Vopnafjarðarhrepps 2006-2026
- Vistgerðarflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands
- Válista Náttúrufræðistofnunar Íslands

5.4 Áhrifapættir og valkostir

Borin voru saman áhrif þess að heimildir sem eru leyfðar í breytingu á aðalskipulagi verði fullnýttar, við óbreytt ástand eða núllkost. Þá eru bornar saman þær þrjár staðsetningar sem komu til greinar fyrir nýtt veiðihús, valkostur A: suður af Hofi, valkostur B: undir Einarssstaðafjalli og valkostur C: í landi Einarssstaða. Valkostur B og C eru innan við 2 km fjarlægð frá hvor öðrum.

Gert er ráð fyrir samskonar húsi á öllum staðsetningum en nánari útfærsla húsanna er ólík hvað varðar aðlögun að landi og aðkomu. Sjá nánari umfjöllun um valkostina í [kafla 3](#) hér ofar.

Samanburður á helstu stærðum valkosta:

	Stærð lóðar	Brúttó m ² bygginga	Veglagning, nýr vegur	Áætluð efnispörf
A:	2,2 ha	1.300 m ²	500 m	6.000 m ³
B:	2,1 ha	1.300 m ²	3.500 m	19.500 m ³
C:	10,6	1.300 m ²	3.000 m	16.000 m ³

Allar staðsetningar bjóða upp á gott útsýni úr húsinu og yfir ána, frá Hofslandinu og upp ána og inn dalinn en niður ána og út fjörðinn undan Einarssstaðafjalli.

5.5 Umhverfismat vegna nýs veiðihúss við Hofsá

5.5.1 Áhrif á loftslag

Loftslag	Mun breytingin leiða til aukinnar losunar gróðurhúsalofttegunda (GHL)? Mun breytingin draga úr náttúrulegri kolefnisbindingu? Mun breytingin styðja við markmið um kolefnishlutleysi?		
Valkostur A	Valkostur B	Valkostur C	
Framkvæmdirnar munu óhjákvæmilega auka losun gróðurhúsalofttegunda á meðan þeim stendur. Ekki er búist við meiri losun en gengur og gerist í sambærilegum framkvæmdum. Áhrifin eru tímabundin eða eingöngu á meðan framkvæmdum stendur. Núverandi veiðihús stendur við Hofsárdalsveg, helsta aðkomuveg fyrir gesti og starfsfólk að húsinu. Staðsetning veiðihúss í valkosti A yrði um 3,5 km innar eftir veginum og er áætlað að almennur akstur lengist sem því nemur, í hverri	Framkvæmdirnar munu óhjákvæmilega auka losun gróðurhúsalofttegunda á meðan þeim stendur. Ekki er búist við meiri losun en gengur og gerist í sambærilegum framkvæmdum. Áhrifin eru tímabundin eða eingöngu á meðan framkvæmdum stendur. Núverandi veiðihús stendur við Hofsárdalsveg, helsta aðkomuveg fyrir gesti og starfsfólk að húsinu. Staðsetning veiðihúss í valkosti B yrði töluvert ofar við ána en núverandi hús, alls um 10 km lengri akstursleið. Þannig mun	Framkvæmdirnar munu óhjákvæmilega auka losun gróðurhúsalofttegunda á meðan þeim stendur. Ekki er búist við meiri losun en gengur og gerist í sambærilegum framkvæmdum. Áhrifin eru tímabundin eða eingöngu á meðan framkvæmdum stendur. Núverandi veiðihús stendur við Hofsárdalsveg, helsta aðkomuveg fyrir gesti og starfsfólk að húsinu. Staðsetning veiðihúss í valkosti C yrði töluvert fjær núverandi húsi, eða um 8,5 km lengri akstursleið. Þannig mun akstur gesta og	





Breyting á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps vegna veiðihúss í landi Einarssstaða

ferð. Þannig mun breytingin leiða til aðeins meiri losunar GHL. Um óverulega aukningu er að ræða. Breyting á losun GHL ræðst því einna helst á samgöngum og því háð orkuskiptum í samgöngum. Breytingin er talin hafa óveruleg áhrif á losun GHL.	akstur gesta og starfsfólks til og frá veiðihúsinu lengjast sem því nemur. Þannig mun breytingin leiða til aðeins meiri losunar GHL. Breytingin er talin hafa neikvæð áhrif á losun GHL en í mjög litlum mæli. Endanleg losun og möguleikar til kolefnishlutleysis ráðast þó mestmegnis af öðrum ótengdum þáttum (s.s. orkuskipti í samgöngum) og áhrifin því metin óveruleg.	starfsfólks til og frá veiðihúsinu lengjast sem því nemur. Þannig mun breytingin leiða til aðeins meiri losunar GHL. Um óverulega aukningu er að ræða. Breytingin er talin hafa neikvæð áhrif á losun GHL en í mjög litlum mæli. Endanleg losun og möguleikar til kolefnishlutleysis ráðast þó mestmegnis af öðrum ótengdum þáttum (s.s. orkuskipti í samgöngum) og áhrifin því metin óveruleg.
Framkvæmdasvæðið er að mestu lítt gróinn melur, malarkambur, með lítinn sem engan lífrænan jarðveg á köflum. Þá hafa hlutar af svæðinu verið notaðir undir námu. Því er talið ólíklegt að framkvæmdir á svæðinu munu hafa teljanleg áhrif á náttúrulega kolefnisbindingu. Áhrif á kolefnisbindingu eru metin óveruleg.	Á svæðinu er gras og mólendi ríkjandi auk þess að finna má votlendi inni á milli. Framkvæmdir á svæðinu myndu rjúfa eða eyða gróðurhulu að hluta til eða alveg og þannig raska og draga úr náttúrulegri kolefnisbindingu. Hægt er að minnka áhrifin með því að græða upp vegfláa og umhverfi húsa að framkvæmdum loknum. Áhrifin eru metin neikvæð með mótvægisáðgerðum.	Á svæðinu er gras og mólendi ríkjandi auk þess að finna má votlendi inni á milli. Framkvæmdir á svæðinu myndu rjúfa eða eyða gróðurhulu að hluta til eða alveg og þannig raska og draga úr náttúrulegri kolefnisbindingu. Hægt er að minnka áhrifin með því að græða upp vegfláa og umhverfi húsa að framkvæmdum loknum. Áhrifin eru talin verða óveruleg með mótvægisáðgerðum.
Áhrif á loftslag eru metin <u>óveruleg</u> .	Áhrif á losun yrðu óveruleg en áhrif á möguleika til náttúrulegrar kolefnisbindingar yrðu <u>neikvæð</u> .	Áhrif á losun yrðu <u>óveruleg</u> en áhrif á möguleika til náttúrulegrar kolefnisbindingar eru metin <u>óveruleg</u> .

5.5.2 Áhrif á lífríki

Lífríki - Gróður - Vistgerðir	Mun breytingin fela í sér áhrif á gróður og gróðurfar á yfirborði? Mun breytingin leiða af sér áhrif á vistgerðir sem vert er að vernda?	
Valkostur A	Valkostur B	Valkostur C
Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar einkennist gróðurfar á framkvæmdasvæðinu að mestu af melum og sandlendi, sem hafa lágt verndargildi. Í vegstæði aðkomuvegarins má finna lyngmóavist á hálendi og láglendi, sem er vistgerð með háu verndargildi. Það er þó á takmörkuðum hluta vegstæðisins og hægt er að sneið hjá grónum svæðum. Setti eru skilmálar um sneiða skuli hjá grónum svæðum eins og kostur er auk þess að græða skuli upp vegfláa í samræmi við aðliggjandi svæði. Heilt yfir er svæðið lítið gróið fyrir og með skilmálum eru áhrif talin verða óveruleg.	Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar einkennist gróðurfar á svæðinu af grasi og mólendi auk þess að finna má votlendi inni á milli, þar af stór svæði stærri 3 ha og njóta þau því verndunar í náttúruverndarlögum. Língresis og vingulvist ásamt snarrótarvist eru algeng á svæðinu og hafa hátt verndargildi. Óhjákvæmilegt yrði að skerða bæði votlendi og graslendi með hátt verndargildi.	Samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar einkennist gróðurfar á svæðinu af grasi og mólendi auk þess að finna má votlendi inni á milli, þar af smá skika af brokfloavist, sem er stærri 3 ha og nýtur verndunar í náttúruverndarlögum. Skerðingin er vegna aðkomuvegar næst veiðihúsinu. Óhjákvæmilegt er að raska jaðri votlendis með háu verndargildi til að koma vegi að ætluðu byggingasvæði. Með mótvægisáðgerðum er hægt að draga úr neikvæðum áhrifum. Settir eru skilmálar um frágang vegar og að gæta skuli að náttúrulegum rennislisleiðum.





Breyting á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps vegna veiðihúss í landi Einarstaða

Áhrifin talin verða óveruleg á gróður og vistkerfi.

Áhrifin eru talin verulega neikvæð.

Áhrifin eru talin neikvæð.

5.5.3 Áhrif á landgæði

Landgæði - Landslag & víðerni - Jarðfræði & jarðmyndanir	Mun breytingin leiða til áhrifa á ásýnd lands og landslag? Mun breytingin leiða til áhrifa á jarðfræði og jarðmyndanir?		
Valkostur A	Valkostur B	Valkostur C	
Breytingin mun heimila byggingu húsa á malarkamb. Húsin verða staðsett með tilliti til útsýnis yfir ána og aðkomu frá Hofsaárdalsvegi. Til stendur að láta mannvirki falla sem best að landi til að draga úr áhrifum. Líklegt er að nýr aðkomuvegur að veiðihúsinu sjáist lítið ef nokkuð frá Hofsaárdalsvegi. Samkvæmt viðernakort WRI lendir svæðið á umskiptasvæði (e. edge) Það eru svæði í jaðri víðerna, sem og önnur svæði á láglendi utan byggðar. Á láglendi eru þetta tiltölulega ósnortin svæði en þó aðgengileg og ekki langt frá byggð eða öðrum ummerkjum mannsins. Á hálendinu marka hálendislóðar þröng umskiptasvæði þar sem ökutæki ferðast um á milli umfangsmikilla víðernasvæða hálendisins. Telja má að bygging veiðihúss og lagning vegar á svæðinu muni breyta umskiptasvæði í land utan víðerna. Þetta mun ekki leiða til skerðinga á kjarnasvæðum (óbyggð víðerni) eða hjúpsvæði (e. buffer). Áhrif á óbyggð víðerni eru metin óveruleg ef nokkur. Áhrifin eru metin óveruleg með skilmálum um að fella skuli mannvirki og annað rask á landi að umhverfi sínu og loka yfirborði með staðargróðri.	Breytingin mun heimila byggingu húsa undir brattri fjallshlíð, í um 110 m hæð yfir sjávarmáli. Húsin yrðu staðsett með tilliti til útsýnis yfir ána. Svæðið er fremur afskekkt og úr alfara leið. Aðkomuvegur yrði að stórum hluta um vegslóða sem nýttur er í dag til útivistar og sem reiðleið. Breytingin getur verið nokkur þar sem lítið er um mannvirki á svæðinu í dag en fáir eiga leið um svæðið og fáir yrðu varir við húsið, veginn og umferð að húsinu. Samkvæmt viðernakort WRI lendir svæðið á umskiptasvæði (e. edge) Það eru svæði í jaðri víðerna, sem og önnur svæði á láglendi utan byggðar. Á láglendi eru þetta tiltölulega ósnortin svæði en þó aðgengileg og ekki langt frá byggð eða öðrum ummerkjum mannsins. Á hálendinu marka hálendislóðar þröng umskiptasvæði þar sem ökutæki ferðast um á milli umfangsmikilla víðernasvæða hálendisins. Telja má að bygging veiðihúss og lagning vegar á svæðinu muni breyta umskiptasvæði í land utan víðerna. Þetta mun ekki leiða til skerðinga á kjarnasvæðum (óbyggð víðerni) eða hjúpsvæði (e. buffer). Áhrif á óbyggð víðerni eru metin óveruleg ef nokkur. Áhrifin eru metin óveruleg með skilmálum um að fella skuli mannvirki og annað rask á landi að umhverfi sínu og loka yfirborði með staðargróðri.	Breytingin mun heimila byggingu húsa undir brattri fjallshlíð, í um 130 m hæð yfir sjávarmáli. Húsin yrðu staðsett með tilliti til útsýnis yfir ána. Svæðið er fremur afskekkt og úr alfara leið. Aðkomuvegur yrði að stórum hluta um vegslóða sem nýttur er í dag til útivistar og sem reiðleið. Breytingin getur verið nokkur þar sem lítið er um mannvirki á svæðinu í dag en fáir eiga leið um svæðið og fáir yrðu varir við húsið, veginn og umferð að húsinu. Samkvæmt viðernakort WRI lendir svæðið á umskiptasvæði (e. edge) Það eru svæði í jaðri víðerna, sem og önnur svæði á láglendi utan byggðar. Á láglendi eru þetta tiltölulega ósnortin svæði en þó aðgengileg og ekki langt frá byggð eða öðrum ummerkjum mannsins. Á hálendinu marka hálendislóðar þröng umskiptasvæði þar sem ökutæki ferðast um á milli umfangsmikilla víðernasvæða hálendisins. Telja má að bygging veiðihúss og lagning vegar á svæðinu muni breyta umskiptasvæði í land utan víðerna. Þetta mun ekki leiða til skerðinga á kjarnasvæðum (óbyggð víðerni) eða hjúpsvæði (e. buffer). Áhrif á óbyggð víðerni eru metin óveruleg ef nokkur. Áhrifin eru metin óveruleg með skilmálum um að fella skuli mannvirki og annað rask á landi að umhverfi sínu og loka yfirborði með staðargróðri.	
Svæðið þar sem stendur til að reisa nýtt veiðihús, vegstæði og fyrirhugaðar námur eru ekki á svæði sem njóta sérstakar verndar samkvæmt lögum um	Svæðið þar sem stendur til að reisa nýtt veiðihús og vegstæði liggja um votlendi sem njóta verndunar. Fyrirhugaðar námur eru ekki á svæði sem njóta	Svæðið þar sem stendur til að reisa nýtt veiðihús og fyrirhugaðar námur eru ekki á svæði sem njóta sérstakar verndar samkvæmt 61. gr. laga nr. 60/2013 um	





Breyting á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps vegna veiðihúss í landi Einarssstaða

náttúruvernd. Ekki er vitað um sérstakar jarðmyndanir á svæðinu en svæðið er þurr melur sem er að hluta til gróinn. Líklegast er um að ræða gamlan sjávarbakka sem má finna víða í Hofsárdal. Efnispörf vegna veglagningar og frágang kring um hús eru um 6.000 m³. Uppgröftur fyrir húsgrunna verður nýttur til að draga úr efnispörf úr námum. Fyrirhugaðar námur hafa áður verið notaðar. Miðað við umfang framkvæmda er ólíklegt að þau muni hafa veruleg áhrif.	sérstakar verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd. Ekki er vitað um sérstakar jarðmyndanir á svæðinu en svæðið er fjallshlíð sem svipar til annarra í dalnum. Efnispörf vegna veglagningar og frágang kring um hús eru um 19.500 m³. Uppgröftur fyrir húsgrunna verður nýttur til að draga úr efnispörf úr námum. Fyrirhugaðar námur hafa áður verið notaðar. Miðað við umfang framkvæmda er ólíklegt að þau muni hafa veruleg áhrif.	náttúruvernd. Lítil hluti vegstæðisins fer um votlendi sem nýtur verndunar. Ekki er vitað um sérstakar jarðmyndanir á svæðinu en svæðið er fjallshlíð sem svipar til annarra í dalnum. Efnispörf vegna veglagningar og frágang kring um hús eru um 16.000 m³. Uppgröftur fyrir húsgrunna verður nýttur til að draga úr efnispörf úr námum. Fyrirhugaðar námur hafa áður verið notaðar. Miðað við umfang framkvæmda er ólíklegt að þau muni hafa veruleg áhrif.
Áhrif breytingar á landgæði er metin <u>óveruleg</u> .	Áhrif breytingar á landgæði er metin <u>óveruleg</u> .	Áhrif breytingar á landgæði er metin <u>óveruleg</u> .

5.5.4 Áhrif á vatn og fjörur

Vatn & fjörur - Straum- & stöðuvötn	Mun breytingin leiða til áhrifa á vatnafar eða vatnsgæði Hofsár?	
Valkostur A	Valkostur B	Valkostur C
Framkvæmdasvæðið er að mestu lítt gróinn melur, malarkambur, með litinn sem engan lífrænan jarðveg á köflum. Telja má líkur á því að úrkoma sem fellur á svæðið renni hratt í gegnum malarrikan jarðvegin og niður að ánni. Ekki er séð að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa áhrif á það. Settir eru skilmálar um frágang á yfirborði við mannvirki þar sem gæta skal þess að ofanvatn sé leitt frá ofanjarðar og komist leiðar sínar niður að Hofsá.	Framkvæmdasvæðið er gróin fjallshlíð sem hallar niður að ánni. Settir eru skilmálar um frágang á yfirborði við mannvirki þar sem gæta skal þess að ofanvatn sé leitt frá ofanjarðar og komist leiðar sínar niður að Hofsá.	Framkvæmdasvæðið er gróin fjallshlíð sem hallar niður að ánni. Settir eru skilmálar um frágang á yfirborði við mannvirki þar sem gæta skal þess að ofanvatn sé leitt frá ofanjarðar og komist leiðar sínar niður að Hofsá.
Áhrif breytingarinnar á vatn og fjörur eru metin <u>óveruleg</u> .	Áhrif breytingarinnar á vatn og fjörur eru metin <u>óveruleg</u> .	Áhrif breytingarinnar á vatn og fjörur eru metin <u>óveruleg</u> .

5.5.5 Áhrif á menningarminjar

Menningarminjar - Fornleifar & minjar	Mun breytingin hafa áhrif á minjar?	
Valkostur A	Valkostur B	Valkostur C
Engin mannvirki eru á svæðinu fyrir utan vegslóða sem er notaður af veiðimönnum eða sem reiðleið. Ekki er vitað um minjar á svæðinu en þær hafa ekki verið kannaðar nánar.	Nærri framkvæmdasvæðinu eru tóftir gamals býlis sem teljast til menningarminja. Gert er ráð fyrir að nýta gamla vegslóðann eins og hægt er og byggja hann upp til að bera vinnuvélur fyrir framkvæmdir. Væri því	Skráðar minjar eru á svæðinu sem gætu verið í hættu vegna veglagningar. Hægt er að útfæra framkvæmdir til að koma í veg fyrir skemmdir á minjum. Fyrir útgáfu leyfa skal leita samþykkis Minjastofnunar um





Breyting á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps vegna veiðihúss í landi Einarssstaða

Framkvæmdir munu ekki hafa áhrif á menningarminjar.	óhjákvæmilegt að raska minjum sem eru innan núverandi vegslóða. Setja þarf skilmála um verndun menningarminja svæðisins. Líklegt er að breytingar muni hafa neikvæð áhrif á menningarminjar.	útfærslur og viðeigandi ráðstafanir vegna þessa. Með þessum mótvægisáðgerðum er talið ólíklegt að breytingar muni hafa veruleg áhrif.
Áhrif breytinga á menningarminjar eru talin vera <u>óveruleg</u> .	Áhrif breytinga á menningarminjar eru talin vera <u>neikvæð</u> .	Áhrif breytinga á menningarminjar eru talin vera <u>óveruleg</u> .

5.5.6 Áhrif samfélag

Íbúar & heilsa - Landnotkun - Óþægindi	Mun breytingin hafa áhrif á landnotkun á svæðinu? Mun breytingin fela í sér óþægindi fyrir íbúa og gesti í sveitarfélaginu?	
Valkostur A	Valkostur B	Valkostur C
Breytingin mun leiða að sér framkvæmdir og byggingu mannvirkja á landbúnaðarlandi sem er að mestu ógróin eða lítt gróinn melur. Svæðið hefur að hluta til verið notað undir efnistöku og eru það eina eiginlega notkunin. Breytingin felur í sér að breyta landnotkun, hluti landbúnaðarlands er færður undir verslun og þjónustustarfsemi. Þessi breytta starfsemi, gistipjónusta og afþreying, er þegar mikilvæg búbót fyrir landeigendur á svæðinu og telst vera í samræmi við nýtingu hlunninda á landbúnaðarsvæðum. Samkvæmt drögum að flokkun landbúnaðarlands fyrir Vopnafjörð lendir svæðið sem um ræði í flokki 1 og 2, mjög gott og gott ræktunarland en þá þyrfti að fara í uppgræðslu lands. Landið sem fer undir veg og veiðihús er ekki tún eða akurlendi. Landið er ekki nýtt að öðru leiti í dag. Engar merktar göngu-, hjóla- eða reiðleiðir eru á svæðinu. Áhrifin á landnotkun eru metin neikvæð vegna góðs nýtingar-möguleika landbúnaðarlands sem yrði fórnad.	Breytingin mun leiða að sér framkvæmdir og byggingu mannvirkja á landbúnaðarlandi sem er gróin fjallshlíð með takmörkuðu undirlendi. Breytingin felur í sér að breyta landnotkun, hluti landbúnaðarlands er færður undir verslun og þjónustustarfsemi. Þessi breytta starfsemi, gistipjónusta og afþreying, er þegar mikilvæg búbót fyrir landeigendur á svæðinu og telst vera í samræmi við nýtingu hlunninda á landbúnaðarsvæðum. Samkvæmt drögum að flokkun landbúnaðarlands fyrir Vopnafjörð lendir svæðið sem um ræði í flokki 4, lélegt ræktunarland en landhalli er almennt mikill á svæðinu. Landið sem fer undir veg og veiðihús er ekki tún eða akurlendi. Um svæðið liggur merkt reiðleið þar sem notast er við gamlan slóða. Stendur til að nýta slóðann undir veg að hluta til. Veglagningin kemur ekki endilega í veg fyrir nýtingu reiðleiðarinnar eða kallar á breytingar á henni ef vélknúin umferð og reiðmennska nær að nýta vegin saman. Áhrifin á landnotkun eru metin óveruleg.	Breytingin mun leiða að sér framkvæmdir og byggingu mannvirkja á landbúnaðarlandi sem er gróin fjallshlíð með takmörkuðu undirlendi. Breytingin felur í sér að breyta landnotkun, hluti landbúnaðarlands er færður undir verslun og þjónustustarfsemi. Þessi breytta starfsemi, gistipjónusta og afþreying, er þegar mikilvæg búbót fyrir landeigendur á svæðinu og telst vera í samræmi við nýtingu hlunninda á landbúnaðarsvæðum. Samkvæmt drögum að flokkun landbúnaðarlands fyrir Vopnafjörð lendir svæðið sem um ræði í flokki 4, lélegt ræktunarland en landhalli er almennt mikill á svæðinu. Landið sem fer undir veg og veiðihús er ekki tún eða akurlendi. Um svæðið liggur merkt reiðleið þar sem notast er við gamlan slóða. Stendur til að nýta slóðann undir veg að hluta til. Veglagningin kemur ekki endilega í veg fyrir nýtingu reiðleiðarinnar eða kallar á breytingar á henni ef vélknúin umferð og reiðmennska nær að nýta vegin saman. Áhrifin á landnotkun eru metin óveruleg.
Líkleg óþægindi fyrir íbúa er umferð þungra ökutækja á framkvæmdatíma um Hofsárdalsveg. Vegurinn er skilgreindur sem tengivegur í aðalskipulagi og er með bundið slitlag. Þá mun umferð á veginum líklegast aukast lítillega í kjölfar þess að nýtt veiðihús verði tekið í	Líkleg óþægindi fyrir íbúa er umferð þungra ökutækja á framkvæmdatíma um Einarssstaðaveg. Vegurinn er skilgreindur sem aðrir vegi í aðalskipulagi og er malarvegur. Þá mun umferð á veginum líklegast aukast lítillega í kjölfar þess að nýtt veiðihús verði tekið í notkun. Umferð á veginum er ekki talin vera komin að þölmörkum og því um óveruleg áhrif að ræða. Breytingin hefur ekki áhrif á hefðbundinn búrekstur á landbúnaðarsvæðum í kring.	





Breyting á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps vegna veiðihúss í landi Einarssstaða

notkun. Umferð á veginum er ekki talin vera komin að þolmörkum og því um óveruleg áhrif að ræða.		
Áhrif breytingarinnar á íbúa og heilsu er metin <u>óveruleg</u> .	Áhrif breytingarinnar á íbúa og heilsu er metin <u>óveruleg</u> .	Áhrif breytingarinnar á íbúa og heilsu er metin <u>óveruleg</u> .

5.5.7 Áhrif á efnahag og auðlindir

Efnahagur & auðlindir	Mun breytingin hafa áhrif á efnahag í sveitarfélaginu? Mun breytingin hafa áhrif á atvinnulíf?	
Valkostur A	Valkostur B	Valkostur C
Markmið breytingarinnar er að styðja við ferðaþjónustu í sveitarfélaginu og bæta samkeppnishæfni þess. Laxveiði í ám á Íslandi er eftirsóknarverð og er í samkeppni við ýmsa aðra lúxus afþreyingu. Breytingin er talin styrkja samkeppnishæfni og auka verðmæti veiðileifa í Hofsa. Valkostir B og C eru meira úr alfara leið sem telst meira eftirsóknarvert í lúxus afþreyingu í dag. Hafa þeir valkostir því meiri jákvæð áhrif. Einnig mun breytingin leiða til þess að tekjustofnar sveitarfélagsins styrkjast. Er það í samræmi við hugmyndir sveitarstjórnar um uppbyggingu í ferðaþjónustu til að styrkja atvinnulíf í Vopnafirði. Framkvæmdir munu leiða til fjölgunar starfa til skemmri tíma og rekstur hússins mun að öllum líkum leiða til fjölgunar starfa til lengri tíma vegna reksturs. Umfang er háð rekstrarfyrirkomulagi. Er breytingin talin hafa jákvæð áhrif á efnahag og atvinnulíf í sveitarfélaginu.		
Áhrif breytingarinnar á efnahag og auðlindir er talin vera jákvæð.		

5.5.8 Samantekt áhrifa og niðurstaða

Umhverfispáttur	A	B	C
Loftslag	<>	-	<>
Lífriki	<>	--	-
Landgæði	<>	<>	<>
Vatn og fjörur	<>	<>	<>
Menningarminjar	<>	-	<>
Samfélag	<>	<>	<>
Efnahagur og auðlindir	+	++	++

Heilt yfir hafa valkostirnir sambærileg áhrif nema þegar kemur að loftslagi og lífríki þar sem valkostur B hefur neikvæð áhrif en valkostur C hefur óverulega áhrif á loftslag en neikvæð á lífríki. Neikvæðu áhrif valkostar C á lífríki byggir á skerðingu á votlendi vegna veglagningar sem er minni skerðing en í valkosti B. Valkostur B hefur meiri neikvæð áhrif þar sem skerða þarf votlendi vegna bæði veglagningar og húsgrunna.

Valkostur B var skoðaður vegna einstakrar staðsetningar, úr alfara leið og með einstakt útsýni yfir Hofsa út fjörðinn. Var þá búið að skilgreina valkost A þar sem útsýni er gott upp með ánni en yrði minni tilbreyting frá núverandi veiðihúsi. Að endingu ákvað framkvæmdaraðili að skoða valkost C sem myndi hafa minni neikvæð áhrif en bjóða upp á meiri afskekktari stað.

Allir kostirnir eru taldir hafa óveruleg áhrif á samfélag en valkostur A hefur aðeins neikvæðari áhrif þar sem svæðið er talið hafa góða nýtingarmöguleika sem landbúnaðarland og óþægindi yrðu aðeins meiri vegna meiri nálægðar við tengiveg (Hofsárdalsvegur).





Breyting á aðalskipulagi Vopnafjarðarhrepps vegna veiðihúss í landi Einarstaða

Allir valkostir eru taldir hafa jákvæð áhrif á efnahag og atvinnulíf í sveitarfélaginu en valkostir B og C eru taldir bjóða upp á sterkari upplifun vegna staðsetningar úr alfaraleið. Þannig munu þeir valkostir auka enn frekar virði og verðmæti veiðileifa.

Niðurstaða umhverfismatsins er að með skilmálum er brugðist við líklegum neikvæðum áhrifum.

6 Málsmæðferð

Þessi breyting á aðalskipulagi er auglýst samhliða nýju deiliskipulagi fyrir veiðihús í landi Einarstaða við Hofsa.

Málsmæðferð er samkvæmt 1. mgr. 36. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.

Hægt er að hafa áhrif á vinnu við tillöguna með því að senda inn athugasemdir í gegnum Skipulagsgáttina, <https://skipulagsgatt.is/issues/2025/188>

Þá verða gögn gerð aðgengileg og auglýst á heimasíðu sveitarfélagsins, <https://vopnafjardarhreppur.is/>.

6.1 Umsagnaraðilar

Þessi breytingartillaga er einnig send á umsagnaraðila: Skipulagsstofnun, Heilbrigðiseftirliti Austurlands (HAUST), Minjastofnun Íslands, Náttúrustofnun Íslands, Náttúrustofu Austurlands, Náttúruverndarstofnun, Veðurstofa Íslands og Vegagerðin.

6.2 Breytingar frá kynningu á tillögu á vinnslustigi

Alls bárust átta skriflegar athugasemdir eða ábendingar. Flestar þeirra sneru að útfærslum í deiliskipulagi.

Eftir kynningu voru gerðar eftirfarandi breytingar á þessari tillögu:

- breytt umfjöllun og uppfært umhverfismat um fornleifar og minjar,
- bætt við sérákvæðum til að skerpa á verndun fornleifa og minja,
- bætt við umfjöllun um víðerni og í umhverfismat,
- skýringamyndir uppfærðar í samræmi við breyttar útfærslur í deiliskipulagi,
- bætt við nánari sérákvæðum fyrir efnistöku í samræmi við athugasemdir Skipulagsstofnunar.



7 Samþykkt og staðfesting

Aðalskipulagsbreyting þessi fékk málsmeðferð samkvæmt 1. mgr. 36. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010.. skipulagslaga nr. 123/2010 og var samþykkt í

_____ Vopnafjarðarhrepps þann _____ .

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann

_____ .
